

21.5.2010

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2010
komudagur 25.5.2010

Félags- og tryggingamálanefnd

Hafnarfjarðarbæ hefur borist beiðni Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1973, mál nr. 77.

Hafnarfjarðarbær styður framlagt frumvarp og telur brýnt að það nái fram að ganga enda má ætla að lög um orlof húsmæðra séu tímaskekkja og draga má verulega í efa að þau standist út frá jafnræðissjónarmiðum. Á tímum aðhalds í fjármálum og niðurskurðar í þjónustu sveitarfélaga er að auki ekki forsvaranlegt að sveitarfélög séu skyldug til að veita fjármagni til svokallaðs húsmæðraorlofs.

Kv. Anna Jörgensdóttir,
starfandi bæjarlögmaður.